



## Byrjendamót Borðtennisdeildar KR 9. nóvember 2025

Borðtennisdeild KR heldur byrjendamót sunnudaginn 9. nóvember 2025 í Íþróttahúsi Hagaskóla, Nesvegi 3, 107 Reykjavík.

### Tímaáætlun

- kl. 08:00 Húsið opnar.
- kl. 09:00 1. - 6. bekkur strákar byrja.
- kl. 09:30 1. - 6. bekkur stelpur byrja.
- kl. 10:00 7. - 10. bekkur stelpur og strákar byrja.
- kl. 11:00 Fullorðinsflokkar kvenna og karla hefja leik.

### Keppnisfyrirkomulag

- Ef of fáir skrá sig í einn flokk mun mótstjórn sameina flokka til þess að fjölga leikjum.
- Keppt verður í 4-5 manna riðlum í öllum flokkum, þar sem efstu 2 fara áfram í beinan útslátt.
- Leiknar verða 3-5 lotur í öllum flokkum, þar sem þarf að vinna 3 lotur til að vinna leikinn.

### Skráning

Skráning fer fram í gegnum skráningarform KR. Skráningarformið má finna hér:

<https://forms.gle/Jgu54evdv9Lpuitn8>

Ef skráningarformið virkar einhverra hluta vegna ekki má senda skráningu með tölvupósti á netfangið [arsol.arnar@gmail.com](mailto:arsol.arnar@gmail.com) og [hsh3006@gmail.com](mailto:hsh3006@gmail.com). Í skráningu skal taka fram fullt nafn keppanda, kennitölu, félag og einnig skal taka skýrt fram í hvaða flokkum viðkomandi vill keppa.

Skráningafrestur er til **fimmtudagsins 6. nóvember kl 19:00.**

### Röðun

Raðað verður í riðla fyrir mótið í Íþróttahúsi Hagaskóla, fimmtudaginn 6. nóvember kl 20:00. Raðað verður samkvæmt keppnisreglum BTÍ þar sem að lágmarki 4 leikmenn fá röðun í hverjum flokki. Leikið verður með hvítum Stiga 3ja stjörnu plastkúlum.

#### Þátttökugjöld

- 2000kr fyrir alla flokka.

Keppendur skulu greiða þátttökugjöld rafrænt á bankareikning Borðtennisdeildar KR:

- Bankareikningur: 0137-26-008312,
- kennitala 661191-1129.

Annars í síðasta lagi á mótsstað áður en keppni hefst.

Setjið í skýringu við greiðsluna fyrir hvaða leikmann greitt er. Sendið afrit á [bordtennisdeildKR@gmail.com](mailto:bordtennisdeildKR@gmail.com).

#### Verðlaun

Verðlaun verða veitt fyrir efstu fjögur sætin í öllum flokkum. Þátttökuverðlaun verða gefin í floknum 1. - 6. bekkur stelpur og strákar.

#### Mótstjórn:

Ársól Clara Arnardóttir, gsm. 867-0022, [arsol.arnar@gmail.com](mailto:arsol.arnar@gmail.com)

Karl Andersson Claesson, gsm. 845-8675, [karlac@mr.is](mailto:karlac@mr.is)

Kristjana Áslaug Káradóttir Thors, gsm. 823-4561, [kristjana2005@gmail.com](mailto:kristjana2005@gmail.com)

Yfirdómari verður kynntur síðar.

Fyrir hönd Borðtennisdeildar KR

Ársól Clara Arnardóttir